

Frumvarp til laga

um Grænlandssjóð

(Lagt fyrir Alþingi á 145. löggjafarþingi 2015-2016)

1. gr.

Hlutverk

Hlutverk Grænlandssjóðs er að efla samskipti Grænlands og Íslands í samræmi við ákvæði þessara laga.

Grænlandssjóður veitir styrki til kynnisferða, námsdvalar, listsýninga, íþróttaviðburða og annarra málefna á sviði menningar, menntunar og vísinda, er geta stuðlað að auknum samskiptum Grænlandinga og Íslendinga.

2. gr.

Sjóðstjórn

Ráðherra skipar þrjú menn í sjóðsstjórn Grænlandssjóðs, einn samkvæmt tilnefningu Alþingis, einn samkvæmt tilnefningu KALAKs vínafélags Grænlands og Íslands og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

Sjóðsstjórn hefur á hendi stjórn sjóðsins, og gerir tillögur til ráðherra um styrkveitingar.

Ráðherra úthlutar styrkjum úr Grænlandssjóði að fengnum tillögum stjórnar sjóðsins.

Ráðherra er heimilt til að semja við þar til bærán aðila um að annast umsýslu Grænlandssjóðs.

Ríkissjóður annast fjárreiður Grænlandssjóðs. Kostnaður af starfsemi Grænlandssjóðs greiðist úr sjóðnum sjálfum.

3. gr.

Úthlutun

Til styrkveitinga skal verja allt að 1,5 milljónum króna á ári miðað við verðlag ársins 2016 þar til sjóðurinn er uppurinn.

Gjafir til sjóðsins skulu leggjast við höfuðstól hans.

Auglýst skal eftir umsóknum um fjárveitingu úr sjóðnum í dagblöðum eða með sambærilegum hætti, bæði á Íslandi og í Grænlandi, í upphafi hvers almanaksárs.

4. gr.

Reglugerðarheimild

Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara í heild eða einstakar greinar þeirra.

5. gr.

Gildistaka

Lög þessi taka þegar gildi. Við gildistöku laga þessara falla lög um Grænlandssjóð nr. 102/1980 úr gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

I. Inngangur.

Þrátt fyrir að höfuðstóll Grænlandssjóðs sé nú um 70 milljónir króna (í ársreikningi 2013 kom fram að eigið fé í árslok hafi numið 63.230.000 kr.) þá hafa ekki verið veittir styrkir úr sjóðnum frá árinu 2011. Ástæða þess er hvernig nógildandi lög um Grænlandssjóð, nr. 102/1980, eru úr garði gerð. Samkvæmt 5. gr. laganna má aðeins veita 9/10 hluta af vaxtatekjum í styrki. Frá árinu 2010 hefur ávöxtun sjóðsins verið lítil sem engin og jafnvel neikvæð. Það er mat mennta- og menningarmálaráðuneytis að þessu þurfi að breyta svo hægt verði að úthluta úr sjóðnum á nýjan leik.

Samkvæmt 4. gr. gildandi laga er heimilt að breyta framlögum og öðrum tekjum sjóðsins í „grænlenkan gjaldeyri“, þ.e.a.s. danskar krónur. Sú heimild hefur verið nýtt frá upphafi, þ.e.a.s. að umsýsluaðili sjóðsins, Seðlabanki Íslands, hefur geymt höfuðstól sjóðsins á dönskum gjaldeyrisreikningi. Ekki verður séð að ástæða sé til að halda í þá framkvæmd enda eru styrkir úr sjóðnum veittir í íslenskum krónum og því að öllu leyti eðlilegt að umbreyta þeim úr íslenskum krónum í danskar krónur miðað við gengi þeirra gjaldmiðla á úthlutunardegi.

Frumvarp þetta er lagt fram með það að markmiði að úthlutun úr Grænlandssjóði hefjist á ný, svo hægt verði að stuðla að því lögbundna markmiði sem sjóðurinn hefur. Verði frumvarp þetta að lögum má gera ráð fyrir að sjóðurinn dugi í 30-40 ár áður en hann verður uppurinn að því gefnu að engar fjárveitingar renni í sjóðinn á þeim tíma.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í greininni er fjallað um að tilgang Grænlandssjóðs, sem er að efla samskipti Grænlands og Íslands.

Greinin fjallar einnig um hlutverk Grænlandssjóðs, sem er að veita styrki til kynnisferða, námsvalar, listsýninga, íþróttaviðburða og annarra málefna á sviði menningar, menntunar og vísinda, er geta stuðlað að auknum samskiptum Grænlandinga og Íslendinga.

Báðar þessar greinar eiga sér hliðstæðu í 1. og 2. gr. gildandi laga um Grænlandssjóð.

Um 2. gr.

Samkvæmt gildandi lögum er stjórn sjóðsins skipuð fimm mönnum, sem Alþingi kys í hlutfallskosningu og skipar ráðherra formann stjórnarinnar. Með frumvarpi þessu er lagt til að fækka stjórnarmönnum niður í þrjá og að fela ráðherra að skipa í stjórnina, í samræmi við flestar stjórnir, ráð og nefndir á stjórnsýslusstigi. Ráðherra skipar í stjórn, m.a. að fengnum tillögum hagsmunaaðila. Ákvæðið gerir ráð fyrir að varamenn verði skipaðir með sama hætti.

Hlutverk sjóðsstjórnar er að meta og að gera tillögur til ráðherra um afgreiðslu umsókna og styrkveitingu. Ráðherra úthlutar styrkjum að fengnum tillögum sjóðsstjórnar. Ráðherra getur falið þar til bærum aðila að annast umsýslu sjóðsins. Að lokum kveður ákvæðið á um að ríkissjóður annist fjárreiður Grænlandssjóðs og að kostnaður af starfsemi hans greiðist úr sjóðnum, þ.á.m. þóknun til sjóðstjórnar, auglýsingakostnaður og ferða- og fundakostnaður.

Um 3. gr.

Greinin kveður á um að til styrkveitingar skal verja allt að 1,5 milljónum króna á ári miðað við verðlag ársins 2015 og að gjafir til sjóðsins skulu leggjast við höfuðstól sjóðsins. Í dag er mælt fyrir um með 1. mgr. 5. gr. gildandi laga að „gjafir til sjóðsins leggist við stofn hans, nema stjórn sjóðsins sé sammála um að verja ákveðnum gjöfum eða framlagi til einstaks verkefnis, sem hún telur að sé sérstaklega þörf fyrir“. Ekki þykir ástæða til að hrófla við þeirri meginreglu að gjafir leggist við stofn sjóðsins en hinsvegar verður ekki séð að ástæða sé til að fela stjórn sjóðsins völd til að ákveða að gjöfum verði varið til einstaks verkefnis sem hún telur að sérstaklega sé þörf fyrir. Því hefur sá hluti núgildandi ákvæðis verið felldur á brott.

Lagt er til að kveðið verði á um með ákvæðinu að auglýst skuli eftir umsóknum um fjárveitingu úr sjóðnum ár hvert. Bæði skal auglýst á Íslandi og á Grænlandi. Auglýsingin þarf að vera aðgengileg almenningi.

Um 4. gr.

Með greininni er mælt fyrir um heimild ráðherra til setningar reglugerðar.

Um 5. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.